

Í heimildaskrá eru skráðar allar heimildir sem vísað er til í ritgerðinni. Ávallt skal gæta þess að fara eftir reglum um skráningu heimilda. Aldrei skal skrá heimild sem ekki er notuð. Heimildum á að raða í stafrófsröð eftir nafni höfunda, íslenskum höfundum eftir fornafni en erlendum eftir ættarnafni. Titill bókar kemur í stað höfundar ef enginn er skráður. *Titill bókar, tímarits og dagblaðs er alltaf skáletrað.* Nákvæmni er nauðsynleg þegar heimildir eru skráðar og atriði á að skrá í þeirri röð sem nefnd eru hér:

Höfundur

Útgáfuár

Titill

Útgáfustaður

Útgefandi

Eftirfarandi reglur við heimildaskráningu skal hafa við Vatnsendaskóla:

1. Bók eftir einn íslenskan höfund

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2011). *Heimir - Handbók um heimildaritun*. Kópavogi: Námsgagnastofnun.

Tilvísun í heimild. (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2011:32)

2. Bók eftir einn erlendan höfund

Clegg, B. (2003). *A Brief History of Infinity*. London: Constable Et Robinson.

Tilvísun í heimild: (Clegg, 2003:32)

3. Bók eftir tvo íslenska höfunda

Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson. (1996). *Ljóðamál*. Reykjavík: Mál og Menning. Tilvísun í heimild: (Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson, 1999:34)

4. Bók eftir tvo erlenda höfunda

Jackson, S. og Livingston, I. (1982). *The Warlock of Firetop Mountain*. England: Penguin Books.

Tilvísun í heimild: (Jackson og Livingston, 1982:22)

5. Bók eftir þrjá eða fleiri íslenska höfunda

Ásdís Arnalds, Elínborg Ragnarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir. (2007). *Tungutak – ritun handa framhaldsskólum*. Reykjavík: JPV útgáfa,

Tilvísun í heimild: (Ásdís Arnalds o.fl., 2007:33)

6. Bók eftir þrjá eða fleiri erlenda höfunda

Brown, T. E., Lemay, E. og Bursten, B. E. (2003). *Chemistry: The Central Science*. 9.útgáfa. New Jersey: Prentice Hall, Upper Saddle River.

Tilvísun í heimild: (Brown o.fl., 2003:21)

7. Ef höfund vantar

Gilgameskviða. (1996). Í Stefán Steinsson (Ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.

Tilvísun í heimild: (Gilgameskviða, 1996:14)

8. Bók sem tilheyrir ritröð

Sigurður Ingi Ásgeirsson. (2005). *Hindúatrú – Guð í mörgum myndum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun,

Tilvísun í heimild: (Sigurður Ingi Ásgeirsson, 2005:51)

9. Þýdd bók

Mises, L. von. (1991). Hugleiðingar um hagnál (Jónmundur Guðmarsson þýddi). Reykjavík: Stofnun Jóns Þorlákssonar. (Upphaflega gefið út 1979).

10. Grein úr tímariti

a) Tímarit sem er vistað á netinu

Guðmundur Sverrir Þór. (2009). Minningarmót um Freysteinn Þorbergsson. Tímaritið *Skák*, 3:31-32. Sótt 2. febrúar 2010 af <http://www.skaksambandislands.is>

Tilvísun í heimild: (Guðmundur Sverrir Þór, 2009:31-32)

b) Tímarit sem er ekki vistað á netinu

Björk Eiðsdóttir. (2009). Átröskun, ekki bara stelpna- eða unglingsjúkdómur. *Vikan*, 62, (1), bls. 10-12.

Tilvísun í heimild: (Björk Eiðsdóttir, 2009)

11. Grein úr dagblaði

Jón Barkarson. (2010, 20. maí). Um jöklaferðir og tískusýningar. “*Fréttablaðið*”, bls. 10.

Tilvísun í heimild: (Jón Barkarson, 2010)

12. Heimild af netinu

Haukur Már Helgason. (2006, 26. október) „Hvað er búddismi“ ? *Vísindavefurinn*. Sótt 11. Júní 2013 af <http://visindavefur.hi.is/?id=938>.

Tilvísun í heimild: (Haukur Már Helgason, 2006).

13. Blaðgrein sem fengin er úr gagnagrunni

Hanna Rún Sverrisdóttir og Fanney Birna Jónsdóttir. (2013). Dæmdur fyrir harkalega handtöku. *Vísir*. Sótt 6. desember 2013 af <http://www.visir.is/daemdur-fyrir-harkalegu-handtokuna/article/2013131209354>.

Tilvísun í heimild: (Hanna Rún Sverrisdóttir og Fanney Birna Jónsdóttir, 2013).

14. Skjal sem hefur hvorki höfund né dagsetningu

a) Reiknistofnun Háskóla Íslands. (e.d.). *Kennitölur úr rekstri RHÍ 1994-2000*. Sótt 11. júlí 2002 af <http://77www.rhi.hi.is/thjonusta/almennt/kennitolur.xls>.

Tilvísun í heimild: (Reiknistofnun Háskóla Íslands, e.d.).

b) Kreppan mikla. (2013). *Wikipedia*. Sótt 1. desember 2013 af http://is.wikipedia.org/wiki/Kreppan_mikla

Tilvísun í heimild: (Kreppan mikla, 2013).

15. Vísað í myndband

Maas, J.B. (Framleiðandi) og Gluck, D.H. (Leikstjóri). (1979). *Deeper into hypnosis* [Kvikmynd]. Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.

Tilvísun í heimild: (Maas og Gluck, 1979).

16. Munnlegar heimildir

Þær eru ekki skráðar með öðrum heimildum heldur hafðar aftan við þær skriflegu. Skrá á viðmælanda og dagsetningu viðtals. Viðtal við Guðrúnu Soffíu Jónasdóttur, tekið þann 11. júní 2013.

Tilvísun í heimild: (Guðrún Soffía Jónasdóttir munnleg heimild, 11 júní 2013)

Tilvitnun í heimildir

Textinn sem vísað er til kallast tilvitnun. Hægt er að að vitna í texta á tvo vegu og muna að vía alltaf í heimild.

- Tilvitnun sem tekin er orðrétt kallast bein tilvitnun
- Tilvitnun sem ekki er orðrétt kallast óbein tilvitnun.

Bein tilvitnun er annaðhvort höfð inndregin eða innan gæsalappa. Góð regla er að nota gæsalappir ef tilvitnun er styttri en þrjár línur. Ef tilvitnun er lengri en þrjá línur ætti að nota inndrátt. Ekki á að breyta leturgerð eða leturstærð í inndreginni tilvitnun. Þó er nauðsynlegt að minnka línubilið. Tilvísun í heimild er innan sviga og þar kemur fram nafn höfundar, útgáfuár bókar og blaðsíðutal (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2011:30).

Dæmi:

„Adolf Hitler var foringi þýska nasistaflokksins árið 1921 en hann er löngum talinn upphafsmaður seinni heimsstyrjaldarinnar“ (Jenný Björk Olsen og Unnur Hrefna Jóhannsdóttir, 2000:22)

Óbein tilvitnun

Þegar notast er við óbeinar tilvitnanir er efni texta úr heimild endursagt og þarf þá ekki að hafa textann innan gæsalappa. Athugið að ef um er að ræða óbeina tilvitnun þarf blaðsíðutal ekki að koma fram.

Dæmi:

Eins og fram kemur hjá Jenný Björk Olsen og Unni Hrefnu Jóhannsdóttur var Adolf Hitler foringi þýska nasistaflokksins og er hann löngum talinn upphafsmaður seinni heimstyrjaldarinnar (Jenný Björk Olsen og Unnur Hrefna Jóhannsdóttir, 2000).

Reglur um hvenær þarf að vitna í aðra

Ekki vitnað : Ekki þarf að geta heimildarmanna ef um er að ræða atriði sem falla undir almenna þekkingu. Til dæmis ef ástæða er til að geta þess að Ísland sé eyja, hluti af Evrópu eða að á hverri stundu dynja á manni fjöldi áreita, þá þarf ekki að bera neinn fyrir því. Þetta er hluti af

almenntri þekkingu. Hver og einn verður að beita dómgreind sinni til að meta hvað teljist hluti af almenntri þekkingu og hvað ekki (Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2002:77).

Heimildir: Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2002). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (3. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Menntaskólans í Kópavogi:

http://mk.is/images/stories/skjol/bokasafn/heimildir_7_11_12.pdf

Dæmi um ritgerð er einnig að finna á heimasíðu Menntaskólans í Kópavogi:


http://mk.is/images/stories/skjol/bokasafn/daemi_um_ritgerd.pdf

Forsíða

Uppsetning forsíða er mismunandi en ákveðin atriði þurfa að koma fram.

- Heiti ritgerðar – fyrir miðju
- Nafn höfundar – neðst í hægra horninu
- Nafn skólans – efst í vinstra horninu
- Nafn kennara – neðst í vinstra horninu

Mikilvægt er að titill ritgerðar sé áhugaverður og tengist efninu á einhvern hátt. Hefð er fyrir því að hafa heiti ritgerðar á miðri forsíðu rétt fyrir ofan miðju með stækkuðu lettri. Sumir kjósa að hafa mynd á forsíðu en slíkt gerir forsíðuna fallelgri en gæta þarf þess að hún tengist viðfangsefni ritgerðar.



Frágangur:

Heimildaritgerðir eiga að vera vandaðar og uppsetning þeirra og frágangur til fyrirmyndar. Gæta þarf þess að fara eftir gefnum fyrirmælum t.d. um leturstærð, leturgerð, hægni og vinstri síðujöfnun, línubil o.fl. Mælt er með því að nota Times New Roman eða Ariel. Æskileg leturstærð er 12 punktar, línubil 1,5. Fyrirsagnir eru skrifaðar með stærra letri.